



Ofbeldi gegn fötluðum konum

Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir



Rannsókn á ofbeldi gegn fötluðum konum

- Gera grein fyrir eðli og afleiðingum ofbeldis gegn fötluðum konum og kanna við hverskonar aðstæður ofbeldið átti sér stað.
- Viðtöl við 13 fatlaðar konur sem höfðu orðið fyrir ofbeldi
- Viðtölin voru tekin á tímabilinu október 2012 til janúar 2013





Niðurstöður sýndu mikið og margháttað ofbeldi.

- Einelti
- Kynferðislegt ofbeldi
- Ofbeldi í nánum samböndum
- Valdbeiting ættingja
- Ofbeldi á stofnunum fyrir fatlað fólk





Kynferðisofbeldi

- Kynferðisofbeldi í barnæsku
- Kynferðisofbeldi á fullorðinsárum





Kynferðisofbeldi í barnæsku

Fjórir viðmælendur urðu fyrir kynferðisofbeldi á æskuheimili

- Ofbeldi sem stóð yfir í mörg ár
- Lítil stuðningur frá umhverfinu
- Engin stuðningur fyrr en mörgum árum síðar





„Þannig að ég fer upp í rúm og ligg þar með kveikt ljós og bíð eftir henni, get ekki sofnað, bara stjörf. Svo kemur hún og bara drepst við hliðina á mér, og hann kemur á eftir henni, og sko hún liggur við hliðina á mér og hann bara klæðir hana úr og bara nauðgar henni.“





Kynferðisofbeldi í barnæsku

Fimm viðmælendur urðu fyrir kynferðisofbeldi utan heimilis síns

- Ekki langvarandi ofbeldi heldur ein stök árás
- Ofbeldið kemst upp í tveimur tilvikum
- Í báðum tilvikum brugðist við með einhverjum hætti





Kynferðisofbeldi á fullorðinsárum

- Tveir viðmælendur höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi í nánu sambandi
- Tveir viðmælendur höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi á stofnunum





„Þau spurðu mig rosalega mikið út í þetta: Hvað, hvað gerði hann og af hverju gerðir þú þetta, eins og þetta væri eitthvað mér að kenna sko. Mér leið þannig að þetta væri mér að kenna [...] þannig að ég hef aldrei þorað að tala um þetta fyrr en núna.“





Afleiðingar

„Alveg gífurleg áhrif. Bara sjálfsmyndin hún er skökk og bara allt sem heitir sjálf er skakkt [...] Ég veit eiginlega ekki sjálf, þetta eru svo mörg áföll að ég veit ekki hvað er hvað. Ég veit bara að kynímynd mín sem manneskja er voðalega skökk.“





„Það er oft erfitt að rísa upp þegar fólk er kúgað og undirokað.[...] ef að einhver opinber starfsmaður kemur illa fram við þig, hvað áttu að segja? Þú veist, hann hefur valdið.“





„Ég átti þetta ekki skilið [...] en það fer inní sjálfsmyndina. Þannig að ég er búin að glíma mest við það að vera með brotna sjálfsmynd eða enga sjálfsmynd og lágt sjálfsmat. Og ég tók við af öllu þessu fólki, þá tók ég við að beita sjálfa mig ofbeldi í mörg ár.“

